

**Sp.** **394. Tillaga til þingsályktunar** [187. mál]  
um jöfnun á kostnaði við kyndingu húsa.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frv. til laga um ráðstafanir til þess að jafna kostnað við kyndingu húsa, sem hituð eru með mismunandi tegundum orkugjafa. Við samningu frv. verði m. a. eftirfarandi atriði athuguð sérstaklega:

1. Hvort æskilegt sé að jafna kyndikostnað með verðjöfnun eingöngu, niðurgreiðslum eingöngu eða kerfi verðjöfnunar og niðurgreiðslna.
2. Að jöfnun verði þann veg hagað, að hún hvetji, en letji ekki framkvæmdir til þess að draga úr raunverulegum kostnaði við húsahitun, t. d. með virkjun jarðhita, rafhitun eða byggingu kyndistöðva. Í því sambandi verði sérstaklega athugað hvort ekki sé rétt, að hluti þeirra ráðstafana, sem gerðar séu, verði í því fólgin að afla fjár með sérstökum hætti til þess að hraða rannsóknum á jarðhita, jarðhitaleit og virkjun jarðhita til húsahitunar þar sem hans er von svo og byggingu olíukyndistöðva eða gerð rafhitunarkerfa, hvort heldur sem hagkvæmara þykir, þar sem jarðhiti er ekki fyrir hendi.

#### Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hinar miklu olíuverðshækkunir á heimsmarkaði hafa valdið íslendingum þungum búsjfjum. Annars vegar hefur olíuverðshækkunin orðið til þess að þjóðin hefur neyðst til þess að verja ört vaxandi hluta

af tekjum af útflutningsframleiðslu sinni til kaupa á olíuvörum. Hins vegar hefur olíuverðshækkunin orðið til þess að auka stórlega mun á aðstöðu þeirra landsmanna annars vegar, sem kynda hús sín með olíu og öðrum innfluttum brennsluefnum, og hins vegar þeirra, sem njóta innlendra orkugjafa, svo sem jarðhita, til húsa hitunar. Af þeim sökum er nauðsynlegt að hraða mjög rannsóknum á jarðhita og virkjun hans svo og athugunum og framkvæmdum á gerð rafhitunarkerfa þar sem jarðhiti er ekki fyrir hendi. Eins og á stendur eru slíkar framkvæmdir þjóðhagslega mjög hagkvæmar, til þess fallnar að draga mjög úr gjaldeyriseyðslu og — síðast, en ekki sist — nauðsynlegar til þess að jafna aðstöðu landsmanna í húshitunarmálum.

Ráðstafanir af þessu tagi eru þó ekki einhlítar. Vegna þess mikla verðmunar, sem er annars vegar á því að hita húsnaði með innlendum orkugjöfum, einkum jarðhita, og hins vegar á því að hita hús með innfluttum brennsluefnum, svo sem olíu, ber brýna nauðsyn til þess að gripa einnig til ráðstafana umfram það, sem nú er gert, til kostnaðarjöfnunar. Eins og nú standa sakir er ekki óalgengt, að kostnaður við kyndingu meðalstórrar íbúðar á olíuhitunarsvæðum sé um eða yfir 25 þús. kr. á mánuði á vetrum og er það fjórum, jafnvel fimm sinnum hærra verð en kostar að kynda sambærilegar íbúðir á þeim hitaveitusvæðum, sem hagkvæmust eru í þessu sambandi. Þessi mikli kostnaður við kyndingu húsa með olíu er óbærilegur fyrir láglaunafólk, svo sem sjúklinga, öryrkja og aldrað fólk, sem hefur litlar eða engar tekjur aðrar en lífeyri og aðrar greiðslur almannatrygginga. Þess munu dæmi, að aldrað fólk, sem nýtur tekjutryggingar almannatrygginga, verji allt að helmingi framfærslueyris síns einvörðungu til greiðslu á kyndingarkostnaði.

Aðstöðumunur fólks á olíuhitunarsvæðum annars vegar og hitaveitusvæðum hins vegar er svo mikill í þessu efni, að enginn hliðstæða mun finnast um einn einstakan þátt brýnustu lífsnauðsynja þar sem aðstæður valda svo miklu misrétti. Verði ekkert að gert er líklegt, að þessi aðstöðumunur valdi mikilli byggðaröskun því það hlýtur, þegar til lengdar lætur, að hafa mikil áhrif á hvar fólk velur sér búsetu, ef það á einum stað getur þurft að greiða allt að fimmfalt verð fyrir húsa hitun á við það verð, sem það þyrfti að greiða kysi það sér annan stað á landinu til búsetu. Þá hlýtur þessi aðstöðumunur einnig að hafa talsverð áhrif á atvinnurekstur á olíuhitunarsvæðum vegna kostnaðarauka miðað við sambærilegan atvinnurekstur á hitaveitusvæðum. Jöfnun á kyndikostnaði yrði því að taka tillit til bæði kostnaðar við kyndingu íbúðarhúsnaðis og húsnaðis til atvinnurekstrar, enda er ráð fyrir því gert í þingsályktunartillögu þessari.

Sú er yfirlýst stefna allra stjórn málaflókka að stuðla að varðveislu byggðar í landinu öllu þar sem byggilegt er. Í því skyni hefur ýmislegt þegar verið gert til þess að jafna aðstöðu landsmanna án tillits til búsetu. Ýmislegt fleira af slíku tagi er á döfinni eða til umræðu. Má þar t. d. nefna ráðagerðir um flutning ríkisstofnana eða stofnsetningu útibúa frá þeim úti á landsbyggðinni, könnun á hvernig jafna megí flutningskostnað í framhaldi af þingsályktun þar að lútandi, sem Alþingi hefur samþykkt, hugmyndir um frekari jöfnun á simagjöldum og fjölmargt annað. Þá hefur fyrsta skrefið einnig verið stigið í þá átt að jafna kyndikostnað með niðurgreiðslu á olíu til húsa hitunar. Sú framkvæmd og hvernig fjár er til hennar aflað hefur að vísu valdið deilum, enda frá upphafi aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða sem er auk þess allsendis ófullnægjandi.

Það, sem vakir fyrir flm. þessarar þingsályktunartillögu, er, að stigið verði stærra skref til jöfnunar á kyndikostnaði húsa, sem hituð eru með mismunandi orkugjöfum, og að í því efni verði gerðar varanlegar ráðstafanir. Eins og fram kemur í tillögunni er flm. ljóst, að slíkar aðgerðir mega ekki verða til þess að letja framkvæmdir til að draga úr raunverulegum kostnaði við húsa hitun, t. d. með virkjun jarðhita o. fl. Því kemur vel til greina að hluti þeirra ráðstafana, sem gerðar yrðu til jöfnunar, væri á þann veg að séð yrði fyrir sérstöku auknu fjármagni til þess að hraða nýtingu innlendra orkugjafa til húsa hitunar eða til annarra framkvæmda til þess að draga úr kostnaði við húsa hitun með olíu, t. d. með byggingu kyndistöðva eða með því að greiða fyrir kostnaðarsparandi nýjungum í húsa hitunarmálum, t. d. með nýjum

gerðum af miðstöðvarkötlum o. s. frv. þegar lengra er litið eru slíkar aðgerðir einnig til jöfnunar á húsaþitunarkostnaði þótt svo árangur komi ekki þegar í stað í ljós.

Í umræðum, sem orðið hafa á Alþingi um húsaþitunarmál, hafa fjölmargir þingmenn lýst sig fylgjandi auknum jöfnuði í kostnaði við húsaþitun með mismunandi orkugjöfum — einnig sumir þeirra, sem lýst hafa sig andvíga þeim aðferðum, sem nú er beitt í því skyni. Tillaga þessi er m. a. flutt í því skyni að fá staðfest, að sá sé vilji Alþingis og að honum verði fylgt eftir með viðeigandi ráðstöfunum.